



Íbúðaráð Laugardals
b.t. Heimir Snær Guðmundsson
starfsmaður íbúaráða
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík 16. júlí 2020
USK2020060081

Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals - Ákvarðanir er varða Laugarnestanga

Vísað er í bréf dags. 19. júní s.l. vegna fyrirspurnar íbúaráðs Laugardal á fundi 8. júní s.l. um hvort ákvarðanir hafi verið teknar eða séu í bígerð um Laugarnestangann og hvernig samráði hafi verið háttað og hvernig því verði háttað.

Samkvæmt skrifstofu framkvæmdasviðs hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um framkvæmdir.

Unnið hefur verið að því að eyða og hefta útbreiðslu á bjarnarkló og verður því verki haldið áfram. Enn fremur má minnst á slátt sem að er hefðbundin aðgerð á hverju ári.

Unnin var verndaráætlun fyrir Laugarnesið 2016 í samvinnu við Minjastofnun og samhliða var gerð aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlunin innihélt tillögur m.a. um áningarstað á bæjarhólum og gönguleiðir. Sótt var um í tvígang í framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir þeirri aðgerð en styrkur fékkst ekki.

Samráð var haft um verndaráætlunina. Þar sem ekki liggja fyrir neinar ákvarðanir á Laugarnestanga er ekki hægt að fullyrða um hvernig mögulegu samráði verði háttað. Það hlýtur þó að fara eftir eðli mögulegra ákvarðana.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs

Þórólfur Jónsson

deildarstjóri náttúru og garða